

Birta í skammdeginu

Vetrarmynd er sýning haldin að Kjarvalsstöðum dagana 17. janúar til 3. febrúar. Þetta er samsýning 11 listamanna og kennir þar margra grasa, enda er hér um stórsýningu að ræða



Myndlist

eftir Halldór Björn Rúnólfsson

með nærri 100 verkum (73 verk í sýningarskrá, en vegna þess að sýrur eru taldar undir sama númeri er um mun fleiri verk að ræða). Þessir 11 listamenn eru afar ólíkir og koma hver úr sínum sérstaka stíl. Hér er því um algert stefnumót að ræða, kannski þetta margumtalaða plúralískra lýðræði milli ólíkra strauma. Hvað sem um slíkt má segja, þá er Vetrarmynd sélega vel heppnuð sýning þrátt fyrir ólíkt (heterogen) upplag. Yfir vestursal Kjarvalsstaða ríkir því jafnvægi, þótt hver veggur bjóði upp á mismunandi afbrigði og fæ ég ekki betur séð en hver listamaður njóti sín til fullnustu.

Þar sem sýningarskrá er sett upp samkvæmt stafrófsröð sýnenda verður fyrst fyrir nafn Baltasars. Hann sýnir hér tólf verk, unnin með blandaðri tækni. Það er þó teikningin sem ræður ríkjum og eins og fyrri daginn leikur sá miðill í höndum hans. Stundum finnst manni að þessi leikni sé um of á kostnað tjáningarinnar, en því fer fjarri þegar litid er á verk nr. 1

(Föðurlandið) og nr. 11. (Arstíðirnar). Fyrri verkið samanstendur af myndum, þar sem höfuðlaus vera berst átakanlegri baráttu við að setjast í stól sem ekki lætur að stjórn. Síðara verkið er flókin konstruktjörn, þar sem árstíðirnar eru tákn

hins margbreytilega skaps listamannsins, ef marka má orðin sem fylgja myndinni. Hér er um persónuleg og djúp verk að ræða.

Bragi Hannesson sýnir 9 landslagsmyndir, gerðar á tveimur síðastliðnum árum. Þetta eru látlausar og vel unnar olíumyndir, þar sem saman fer örugg formbygging og mildir, oft muskukennir litir sem gjarnan minna á Vestmannaeyjaskólann. Hafrafell (nr. 15) og í Landeyjum (nr. 17) eru góð dæmi um það besta sem finna má í verkum Braga.

Einar Þorláksson sýnir einnig 9 málverk unnin með akrillitum. Myndir hans eru abstrakt og gætir í þeim áhrifa frá kúbisma. Í þessum verkum gætir þó einhverra vandræða sem stafar af of litlu vægi litanna miðað við þau form sem þeim er ætlað að fylla. Það gætir einhvers ósamræmis milli uppbyggingar og litar sem dregur mátt úr verkunum. Kannski er það harka akrilsins sem gerir þessi form svona innihaldsrýr.

Ég hef ekki fylgst sem best

með þróun Hauks Dórs sem myndlistarmanns. Það er því athyglisvert að sjá þau kynngimögn sem stafar frá leirgrímum hans. Þetta eru skýr dæmi um archetýpur eða frummanni þau sem dr. Jung varð svo tilbær um og taldi dulvitund nútímamannsins hafa fengið í af frá elstu forverum sínum. Það er einmitt samtvinnun frumstæðs forms og sálrænna eiginna sem Hauki tekst að laða fram á tjáningarríkan hátt.

Einhvern tíma hef ég áður fjallað um myndir Hrings Jóhannessonar. Hann hefur þegar náð fullkomnu valdi á fótógrafískri tækni eins og sjá má af 8 málverkum og tuttugu litkritarmyndum sem þó eru laust unnar. Það er því myndefnið sem mestu ræður um markvissa framsetningu og þar skera tvær myndir sig úr sem öflugustar í þessu tilliti: (Bíðukolla nr. 41, og Mýrarauga nr. 40). Síðar-nefnda verkið er hið besta og væntanlega sterkasta verk sem undirritaður hefur séð frá hendi Hrings.

Hjónin Sigríður Jóhannsdóttir og Leifur Breiðfjörð sýna 8 vefmyndir. Þetta er myndvefnaður úr ull og mjög líflægur. Það er styrkur þessara verka, hversu sjálfsprottin (spontant) þau virðast, þótt aðferðin bjóði vart upp á slíkt. Myndir nr. 51 og 52 eru hreinir gleðileikur í lit og framsetningu gerðar af glettni og hrifandi lettaleik. Vandvirki virðist þessu fólki í blóð borin.

Magnús Tómasson á 5 verk, sýrpukennd og eru það finlega unnin smáverk. Líkt og í mörgum fyrri verkum Magnúsar, gætir áhrifa frá leiksviðsmálum mjög. Þetta eru kassaverk



vetrarmynd er sérlega velheppnuð sýning þrátt fyrir ólíkt upplag, segir Halldór Björn m.a. í umsögn sinni.

(box-works), litlar og klárt framsettar hugmyndir sem þræða einstigið milli popprænnar útfærslu og conceptuellar hugmynda. Baðmullarskýin í Fjarskinn, buskinn, bláinn (nr. 54) eru eftirminnanlegt dæmi um hugmyndaferla lausn á myndrænum hlutum í þessum skýru smáverkum.

Sundfugl og staujárn (nr. 58) er framlag Nielsar Hafsteins til Vetrarmyndar. Þetta eru 7 fristandandi myndir á borði og sýna myndbreytingu straujárnur eiri í sundfugl úr pappír. Ég minnst þess ekki að hafa séð jafn ljóðrænt verk eftir Niels, né jafn hreint hugmyndaferk (concept). Einna helst minnst þetta einstæða verk, með sinni póetisku yfirskrift á ljóðalíkingar Isidore Ducasse.

12 myndir Sigurðar Örlygssonar þrýða norðurvegginn. Hér gengur myndrænt tákn hjólsins gegnum flestar myndirnar sem gerðar eru í margvísleg efni.

Liturinn og formið er styrkur Sigurðar og kemur vel fram í öllum þessum verkum, en einkum þó í myndum nr. 59, 62 og 67 sem bera með sér einfaldari og jafnframt skýrari notkun á litum og lyfta þar með formunum upp í stærra veldi.

Lestina rekur svo Þór Vigfússon með þrjú verk, Röndótt (71), 40W (72) og 25W (73). Þór stendur einhvers staðar á mörkum milli minimallistar í anda Flavins og color-field málara í anda Louis. Mér finnst sem fram komi í þessum myndum, meiri tilfinning fyrir efni en í fyrri verkum Þórs. Kannski er það hið örugga handbragð ásamt einfaldri myndhugsun sem gera þessi verk svo sterk. Mynd nr. 71 finnst mér þó hafa vinninginn fram yfir hinar, hvað varðar alla framsetningu, þótt þar standi kannski best saman allar þrjár.

Sýningin að Kjarvalsstöðum er opin alla daga frá kl. 14 til 22.

Er Jóhann á heimleið?

Ritsafn Jóhanns Sigurjónssonar I-III
Atli Rafn Kristinsson sá um útgáfuna
Mál og menning 1980.

Ritsafn Jóhanns Sigurjónssonar — eða Rit eins og sú útgáfa kallaðist — kom út hjá Máli og menningu á árunum 1940-42. Sú útgáfa mun vera löngu uppseld og hefur því um langt skeið verið þörf á nýrri. Mál og menning hefur nú bættur þeim skorti með veglegri útgáfu í þremur bindum, en Atli Rafn Kristinsson annaðst verkið og ritar einnig formálsorð.



Bókmenntir

eftir Jón Viðar Jónsson

Útgáfur á verkum Jóhanns Sigurjónssonar eru bundnar ýmsum vandkvæðum, sem Atli Rafn gerir nokkra grein fyrir í formála sínum. Þetta á e.t.v. sérstaklega við um ljóð hans, en Jóhann gaf aldrei út ljóðabók, heldur birti fáein kvæða sinna á við og dreif í blöðum og timaritum. Þannig kom Sorg, eitt merkilegasta kvæði hans, ekki á prent fyrir en árið 1927, átta árum eftir fráfall skáldsins. Segir Kristinn E. Andrésón í formála eldri útgáfunnar að tilviljun virðist hafa ráðið því hvað varðveittist af ljóðunum í handritasafni Jóhanns, sum þeirra séu til í mörgum uppskriftum og sýni að Jóhann hafi lagt mikla rækt við að faga þau. Þeirri spurningu verður hins vegar aldrei svarað hvað af þessum kveðskap skáldið kærdi sig um að kæmi fyrir almenningsjónir og hljóta sjónarmið útgefanda og smekkur því að ráða miklu um hvað birt er. Kristinn E. Andrésón, sem sá um fyrri útgáfuna, var fremur vandlátur í vali sínu og féldi jafnvel niður ljóð sem höfðu áður komið á prent. Atli Rafn Kristinsson fylgir hins vegar nokkuð annarri stefnu, birtir þau kvæði sem Kristinn E. hafnaði auk margra annarra sem hafa aldrei verið prentuð áður. Telst mér til að ljóðin í útgáfu hans séu rúmlega þremur tugum fleiri en í útgáfu Kristins E.

Eins og Atli Rafn getur um í formála sínum bæta fæst þeirra

kvæða sem hér eru birt í fyrsta skipti nokkru við fyrri hróður Jóhanns Sigurjónssonar. Langstærstur hluti þeirra eru æskuverk, ort áður en hann hafði tekið út fullan þroska sem ljóðskáld. Það er því mikið áhorfsmál hvort slíkum kveðskap skuli haldið til haga í almennum útgáfum og má bæði færa rök með því og á móti. Þeim sem vilja kynna sér þroskaferil skálds er að sjálf-sögðu ávinningur í að geta gengið að verkum þess á visum stað, án alls af mikillar fyrirhafnar. Á hitt ber einnig að líta að þessi útgáfa er ekki fræðilegs

sjá þess merki í flestum leikritum hans. Þannig eru til tvær gerðir á endi Fjalla-Eyvindar og Bóndans á Hrauni og heimildir eru um að Jóhann hafi íhugað einhverjar breytingar á endi Galdra-Lofts. Lokabátur Marðar Valgarðssonar, eða Lyga-Marðar eins og leikritið nefnist í nýrri þýðingu Ólafs Halldórssonar í þessari útgáfu, hefur einnig verið gagnrýndur af mörgum og þótt bágborin lausn á vanda leiksins. Af öllu þessu leiðir að talsverður munur er á hinum ýmsu útgáfum leikritanna, ekki síst á íslensku útgáfum annars vegar og dönsku útgáfum hins vegar. Það er því ekki nóg með að vinnubrögð Jóhanns sem höfundar torveldi verk útgefandans, heldur hlýtur sú staðreynd, að Jóhann skrifaði á tveimur tungumálum og var undir lokin orðinn mun leiknari á dönsku en íslensku, að þvælast enn frekar fyrir honum.

Jóhann Sigurjónsson gekk frá þremur leikrita sinna á íslensku og dönsku: Bóndanum á Hrauni, Fjalla-Eyvindi og Galdra-Lofti. Fyrsta leikrit hans Dr. Rung og hið síðasta Lögneren eru hins vegar aðeins til í danski gerð frá hans hendi og er svo einnig um leikritsbrot þau, sem hann vann að síðustu ár ævi sinnar og entist ekki aldur til að fullgera. Í fyrri útgáfu Rita birtist Dr. Rung í þýðingu Magnúsar Asgeirssonar en Lögneren í þýðingu Sigurðar Guðmundssonar. Þýðing Sigurðar er óneitanlega dálítið stíðleg og skilar vart þeim lítil og þökkafulla blæ sem hllir yfir danska textanum. Það gerir þýðing Ólafs Halldórssonar, sem hér er birt í fyrsta sinni, hins vegar mun betur og sýnist mér hún vera hið vandaðasta verk í alla staði. Hún er á ljósu máli og fögru, og er höfuðkostur hennar e.t.v. sá að hún ætti að vera meðfærligri leiksviðstexti en gamla þýðingin. Að minnu viti hefði ekki verið nein godgá að fá Ólaf einnig til að þýða Galdra-Loft, en ekki þarf nema lauslegan samanburð á íslenski gerð Loftis og þeirri dönsku til að sýna að sú íslenska stendur þeirri dönsku talsvert að baki. Málið á leikritum Jóhanns á örugglega ólittinn þátt í að gera þau fjarlæg okkur og ímynda ég mér að skýringin sé margþætt: eftir margra ára dvöl á danskri grund var íslensk tunga honum vart jafn auðsveipt tjáningartæki og forðum, auk þess sem



Jóhann Sigurjónsson: „Leikrit hans geta tæplega talist lifandi í vitund þjóðarinnar nú, enda liggja þau grafin undir dauðri rómantískri leikhefð og virðast ekki eiga sér viðreisnar von í bili“, segir Jón Viðar m.a. í umsögn sinni.

íslenskan sjálf hafði á hans dögum ekki öblast þann sveigjanleika og mykt sem hún hefur náð á síðustu áratugum, ekki síst fyrir tilstilli stílsnillinga á borð við Laxness og Þórberg. Það hefur einnig haft sitt að segja að danskan hafði notið góðs af langri leikhúshéð í landinu gagnstætt íslenskunni sem var á þessum tíma gersamlega óreynd sem leiksviðsmál. Þegar alls þessa er gætt held ég ekki að menn ættu að mikla fyrir sér helgi textans, jafnvel þótt hann sé verk Jóhanns sjálfs, heldur þýða hann að nýju áður en hann verður settur á sviðnæst.

Í útgáfu Kristins E. Andrésónar eru leikritin Bóndinn á Hrauni og Fjalla-Eyvindur prentuð eftir íslensku útgáfum frá 1908 og 1912. Þegar fyrri leikritið kom svo út á dönsku árið 1912 undir heitinu Gaarden Hraun hafði Jóhann gert á því ýmsar breytingar, dregið annan og þrjú þátt saman í einn og breytt endinum. Hygg ég að þessi gerð myndi fara betur á sviði að ýmsu leyti og hefði því fremur kosið þýðingu á henni. Hér er þó um smekksatriði að ræða og bætir vissulega úr skák að niðurlag dönsku útgáfunnar er tekið með hér.

Hins vegar tel ég misráðið að fylgja nákvæmlega textanum á útgáfu Fjalla-Eyvindar frá 1912, en sá texti fylgir að mestu dönsku frumútgáfunni frá 1911. Í annarri prentun leikritsins á dönsku,

sem út kom árið 1913, hefur höfundur sem séstýtt textann til muna, ekki síst í atriðum Höllu og Eyvindar í öðrum og fjórða þætti. Þarf tæplega að fara í grafgötur með að flestar þessarar breytinga hafa orðið til á æfingum og sýningum á leikritinu og miði að því að gera textann einfaldari og hnitmiðari í leik. Að mínum smekk horfa þessar styttingar tvímælalaut til bóta og hefði ég fylgt þeim óhikað í sporum útgefanda.

Það væri einkennilegt ef útgáfa sem þessi veki ekki ýmsar spurningar varðandi stöðu Jóhanns Sigurjónssonar sögu íslenskra bókmennta og leikhúss. „Bestu verk Jóhanns Sigurjónssonar eru fyrir löngu orðin sigild í íslenskum bókmenntum“ segir Atli Rafn Kristinsson í formála sínum, en bætir því þó við að á aldarafmæli Jóhanns „þyki ýmsum verk hans ekki falla vel að þeim kröfum sem nú eru oft gerðar til bókmenntaverka.“ Þessar fullyrðingar virðast óneitanlega stangast nokkuð á og kannski eru þær dæmigerðar fyrir þá óvissu sem einkennir afstöðu bókmenntamanna til Jóhanns. Stundum er engu líkara en menn treysti sér ekki til að draga ágæti skáldlistar hans í efa, þó að þeir viti e.t.v. ekkert nákvæmlega í hverju það sé fólgið og hvaða erindi verk hans, ekki síst leikrit hans, geti átt við okkur nú. Þannig hlýtur það að teljast nokkur mælikvarði á stöðu leikritanna að leikhúsin skuli ekki setja neitt þeirra á sviði í tilefni aldarafmælis Jóhanns.

Þessi grein er þegar orðin lengri en góðu hófi gegnir og því læt ég staðar numið við þessar spurningar. Vonandi verður þessi nýja útgáfa til þess að vekja aukinn áhuga á verkum Jóhanns Sigurjónssonar, ljóðum hans jafnt sem leikritum. Fræðilegar rannsóknir á þeim eru enn sem komið er ýmist brotakennar eða ófullnægjandi og bagalegt er að enginn skuli hafa ritað ævisögu hans á meðan þeir lifðu sem mundu skáldið. Leikrit hans geta tæplega talist lifandi í vitund þjóðarinnar nú, enda liggja þau grafin undir dauðri rómantískri leikhefð og virðast ekki eiga sér viðreisnar von í bili. Og leikskáldið Jóhann Sigurjónsson sýnir ekki heim úr útleð sinni fyrir en þau hafa verið vakin til lífs á ný.